

Slik börn megið þið ekki vera. Og svo megið þið heldur ekki láta slik börn freista ykkar og koma ykkur til þess að verða vond eins og þau. Og ef þið skylduð sjá börn, sem heldur vilja vera úti í sollinum en fara í skóla, þá megið þið ekki láta þau spilla ykkur. Reynið heldur að hafa áhrif á þau til góðs — að koma þeim til þess að fara með ykkur í skóla; því þegar þið hafið góð áhrif á önnur börn, þá er það líka góð sáning, sem undirbýr góða uppskeru.

En þegar eg tala um skólagöngu, þá er eg líka að hugsa um sunnudagsskólann. Þið eigið þar að læra um fram alt að sá til eilifrar uppskeru; því þar er ykkur kent guðs orð, sem kennir ykkur að þekkja guð og frelsarann og að trúua á hann og elска hann og hlýða honum. Hér lærið þið þá að skilja það, að lífið alt er skólaganga og undirbúningur undir eilifðina. Og að ríði á því fyrir ykkur, að í þeim mikla skóla séuð þið stöðugt lærisveinar Jesú, því þá útskrifist þið úr honum, þegar drottinn kallar ykkur, og verðið flutt upp í fullkomna skólann á himnum.

Munið þá eftir því, að nota líka vel sunnudagsskólann. Guð tekur eftir því, hvernig þið gerið það. Hann launar ykkur með góðri uppskeru, ef þið notið ykkur hann vel. En ef þið notið ykkur hann illa — komið, þegar ykkur sýnist, og hagið ykkur þar eins og ykkur sýnist, eða farið alls ekki þangað, ef ykkur sýnist, þá eruð þið að sá til vondrar uppskeru. Því gáið að: sá, sem hér í lífi einskisvirðir guð og orð hans, fær ekki að vera hjá guði síðar meir, *því það, sem maðurinn sáir, bað mun hann og uppskera.*

Jakob Riis, danski mannvinurinn, segir á eium stað í æfisögunni, sem hann hefurritað um Roosevelt, forseta Bandaríkjanna: — „Mér varð að segja við forsetann, að ef eg kæmi aftur til Washington, þá tæki eg með mér drenginn minn. ‘En þá verðið þér’ sagði eg, ‘að spryrra hann, hvort hann gangi reglulega í sunnudagsskóla’. Brosandi spurði hann mig, því hann ætti að gera það. Eg svaraði, að drengurinn freistaðist stundum af góðu veðri og leikjum til þess að fara ekki í skólan, ‘en þá vil eg biðja hann að gá að sér og muna eftir því, að þegar við komum til Washington, verði hann spurður að því af forsetanum, hvort hann gangi reglulega í sunnudags-skóla. Þegar eg nú kom þangað með Vivi, var eg alveg búinn að gleyma pessu, en forsetinn mundi það; því hann tók drenginn á milli knjáanna á sér og spurði hann, hvort hann gengi reglulega í sunnudagsskóla, eins og hver góður drengur ætti að gera.